

Mánudaginn 28. október 1985.

Nr. 115/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Skúla Guðbirni Jóhannessyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Áfengislög. Krafa um eignaupptöku. Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1985, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds „til sakfellingar samkvæmt ákæru, upptöku varnings og málskostnaðargreiðslu.“

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 9. ágúst 1985.

Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist „að ákærði, sakfelldur samkvæmt ákæru, hlíti upptöku varnings og greiði sakarkostnað í héraði, svo og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.“

Ákærði krefst sýknu, en til vara, að aðeins verði gerð upptæk þau 3 glös af ávöxtum, sem hald var lagt á í verslun hans.

Af afriti aðflutningsskýrslu, sem er hluti málskjala, sést að innflytjandi og eigandi vöru þeirrar, sem ákært er út af, var hlutafélagið Bláber í Reykjavík (nafnnúmer 1362-5018 og söluskattsnúmer R-6100). Engar kröfur eru gerðar á hendur hlutafélagi þessu í málinu. Á hendur ákærða, Skúla Guðbirni Jóhannssyni, eru ekki gerðar aðrar kröfur en að hann sæti upptöku þeirra verðmæta, sem í ákæru greinir og um greiðslu málskostnaðar.

Í málinu er engin gögn um það, að eignarréttur að verðmætum þeim, sem upptöku er krafist á, sé breyttur, þannig að þau tilheyri nú ákærða. Verður hann því ekki í þessu máli dæmdur til þess að þola upptöku verðmætanna.

Þar sem af málsgögnum verður ekki með vissu ráðið, hver eða

hverjir eru eigendur verðmæta þeirra, sem upptöku er krafist á, fullnægir rannsókn málsins ekki skilyrðum til þess, að ákæra verði út gefin samkvæmt 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Ber því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákæru frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan saksóknarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, 6.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru vísað frá héraðsdómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns, 6.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, flutti ákærði í nafni fyrirtækisins Bláber h/f til landsins sex hundruð glös af ávöxtum í vínlegi, sem í var vínandi 14—17% að rúmmáli. Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu 20. janúar 1984 sagði hann heildverslunina Bláber h/f vera í sinni eigu. Jafnframt kvaðst hann „hafa fengið vöruna afhenta sem innflytjandi hennar hingað til lands...“ Skýrslu þessa hefur hann staðfest fyrir dómi. Er því kröfunni um upptöku vörunnar réttilega beint að ákærða.

Fallast ber á, að vínlögurinn teljist áfengi samkvæmt 2. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Var ákærða því ekki heimill innflutningur og sala vörunnar, sbr. 3. og 18. gr. sömu laga. Ber því samkvæmt a lið 34. gr. áfengislaga og 2. mgr. 8. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63/1969 að gera upptæk í ríkissjóð þau 116 glös, er mál þetta snýst um. Með þessari athugasemd og

vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Skúli Guðbjörn Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. mars 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 21. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 162/1985: Ákærvaldið gegn Skúla Guðbirni Jóhannessyni, sem tekið var til dóms 13. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. júlí 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Skúla Guðbirni Jóhannessyni, heildsala, Dvergabakka 30, Reykjavík, fæddum þar í borg 18. júlí 1950, til upptöku á 116 glösum af áfengi, sem hann flutti hingað til lands frá Ítalíu í nóvember 1983, en ákærði flutti þá inn í nafni fyrirtækis síns, Blábers h.f., alls sex hundruð 475 ml glös af áfengi (14—17% vínanda að rúmmáli), sem auk áfengisins innihéldu ýmsar tegundir ávaxta, og seldi ákærði samtals 422 glös, þar af samtals 300 glös til 5 verslana í Reykjavík og á Seltjarnarnesi fyrir samtals um, kr. 67.000 og um 122 glös í verslun sinni Baby Björn, Laugavegi 41, Reykjavík, á kr. 226—450 hvert glas.

Telst innflutningur áfengisins og sala varða við 3. gr. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist, að ofangreind 116 glös af áfengi verði gerð upptæk samkvæmt a-lið 34. gr. áfengislaga og 8. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, en lagt var hald á 3 glös í versluninni Baby Björn og 113 eru geymd í Tollvörugeymslunni h.f. Þess er enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, en eftir atvikum er eigi gerð krafa um refsingu.“

Ákærði flutti inn til landsins í nóvember 1983 í nafni fyrirtækis síns, Blábers h.f., alls 600 glös, hvert um sig 475 ml, sem innihéldu áfengi og ýmsar tegundir af ávöxtum. Ákærði seldi í eigin verslun á annað hundrað glös og 300 glös í fimm verslanir hér í borg. Af bréfi ríkissaksóknara til dómsins sést, að hald hefur verið lagt á þau glös, sem óseld voru í þessum 5 verslunum, þegar lögreglan fór að hafa afskipti af máli þessu og lagði hald á vöruna (samtals 85 glös). Ekki hefur verið ákært út af þeim glösum, og kemur það greinilega fram í bréfi ríkissaksóknara.

Innihald áfengisins (sic) var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði, og reyndist það hafa að geyma áfengi frá 14% upp í 17%.

Í máli þessu er ákært út af 113 glösum, sem voru í Tollvörugeymslunni h.f., og 3 glösum í verslun ákærða að Laugavegi 41.

Af hálfu ákærða hefur verið krafist sýknu, en til vara, að einungis verði gerð upptæk hjá ákærða þau 3 glös, sem til staðar voru í verslun hans.

Að mati dómsins fór innflutningur á framangreindri vöru í bága við fortakslaust ákvæði 3. gr. áfengislaga nr. 82, 1969. Ekki verður séð, að ákvæði laga um tollskrár nr. 120, 1976 hafi getað breytt þessu ákvæði áfengislaganna.

Enda þótt varan hafi verið flutt inn í landið með leyfi tollyfirvalda, þá fellur hún undir a-lið 34. gr. áfengislaga og verður því gerð upptæk til ríkissjóðs.

Samkvæmt þessu verður ákærði ennfremur dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 6.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Guðbjörn Jóhannesson, skal hlíta upptöku á 116 glösum af áfengi, sem flutt voru til landsins í nafni fyrirtækisins Blábers h.f. á árinu 1983.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 6.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.